

Borgarstjórn
21. apríl 2020

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um að nýta tómar íbúðir

Reykjavíkurborg samþykkir að leita til þeirra sem hafa komið að uppbyggingu og fjármögnun svokallaðra lúxusíbúða í miðborginni sem hafa ekki verið að seljast (t.a.m. íbúðir við Tryggvagötu 13). Markmið Reykjavíkurborgar verði að taka yfir eignarhaldið á þeim íbúðum á hagstæðu verði og nýta íbúðirnar til að útvega þeim í borginni sem eru í þörf fyrir húsnæði, örugga búsetu. Aðilarnir sem standa að baki umræddum íbúðum hafa átt í erfiðleikum með að selja þær og miðað við efnahagsástandið sem nú blasir við okkur er ekki fyrir séð að íbúðirnar verði eftirsóttar á því verði sem þær eru á. Því er lagt til að Reykjavíkurborg leitist við að taka yfir íbúðirnar og gera þær aðgengilegar fyrir þá hópa samfélagsins sem eru í mestri þörf fyrir húsnæði. Þá er einnig lagt til að Reykjavíkurborg skoði sama fyrirkomulag með stór hótél borgarinnar sem eru nú í byggingu og útfæri rýmin t.d. í námsmannagarða og hjúkrunarrými. Fjármála- og áhættustýringasviði verði falið að leita til þeirra sem hafa komið að fjármögnun og uppbyggingu ummræddra íbúða og eiga í viðræðum við þá fyrir hönd borgarinnar. Reykjavíkurborg samþykkir síðan að vinna með hagsmunaaðilum líkt og verkalýðshreyfingunni, Félagsbústöðum, Öryrkjabandalagi Íslands og Félagsstofnun stúdenta og samtökum eldri borgara um nýtingu íbúðanna.

Greinargerð:

Það eru margir sem eru í þörf fyrir húsnæði á viðráðanlegu verði á sama tíma og margar svokallaðar lúxusíbúðir eru tómar af því að þær seljast ekki. Nú tekst samfélagið á við afleiðingar COVID-19 veirunnar og ólíklegt er að þær íbúðir sem hefur gengið erfiðlega að selja, seljist í því efnahagslegu ástandi sem blasir við okkur. Það er nauðsynlegt að koma þeim sem eru í þörf fyrir húsnæði, í örugga búsetu. Þá er einnig mikilvægt að tryggja að íbúðir standi ekki auðar og því er lagt til að Reykjavíkurborg grípi hér inn í með þessum hætti og leitist við að nýta tómar íbúðir handa þeim sem þurfa á húsnæði á að halda. Nú eru einnig stór hótél í uppbyggingu í miðbænum ofan á fjölda þeirra sem eru fyrir á umræddu svæði. Þar sem mikil óvissa ríkir um nýtingu þeirra á komandi tímum er lagt til að Reykjavíkurborg taki yfir rýmin og breyti þeim í búseturými, líkt og hjúkrunarrými og námsmannagarða, fyrir þá sem eru í þörf fyrir slíkt. Þetta er gert til að fyrirbyggja að hér verði tóm húsnæði á komandi tímum og til þess að tryggja fólki örugga búsetu.